

Skólaakstur



1. Hver nemandi á sitt sæti í skólabílnum og á að hafa öryggisbelti spennt. Nemendur þurfa að fá leyfi hjá bílstjóra til að skipta um sæti í skólabíl.
2. Nemendur skulu gæta þess að ganga ekki að skólabíl fyrr en hann hefur stöðvað og dyr hafa verið opnaðar. Muna að fara gætilega inn og út úr bílnum
3. Sýna bílstjóra og öðrum nemendum kurteisi og tillitssemi og fara í öllu að fyrirmælum bílstjóra meðan dvalið er í skólabíl.
4. Ganga snyrtilega um skólabílinn. Neysla á hverskyns matvælum og drykkjum er ekki leyfð.
5. Ef foreldrar hafa áhuga á að senda barn sitt sem "gest" með skólabíl skal ræða þá fyrirætlan við skólabílstjóra og fá samþykki hans fyrir aukafarþega. Foreldrar láta bílstjóra vita í tíma ef barn mætir ekki í skólann af einhverri ástæðu. Ekki er gert ráð fyrir að beðið sé eftir nemanda sem mætir ekki í akstur á tilsettum tíma.
6. Forráðamenn nemenda skulu sjá til þess að nemendur séu komnir að stoppistöð fyrir auglýstan brottfarartíma á leið í skóla.
7. Bílstjórar bera ábyrgð á því að nemendur komist klakklaust heim úr skóla í samráði við forráðamenn.

